

Samráðsvettvangur um leið Íslands til aukinnar hagsældar

Fyrsti fundur – 11. febrúar 2013

SAMRÁÐSVETTVANGUR
UM AUKNA HAGSÆLD
Iceland Growth Forum



Dagskrá

- **Markmið Samráðsvettvangsins**

- Efnahagslegar áskoranir og tækifæri
- Kynning á fyrirkomulagi

Hvað er Samráðsvettvangurinn?




Fyrirkomulag Samráðsvettvangs um leið Íslands til aukinnar hagsældar og verkefnisstjórnar

Lýsing:





- Hópur fulltrúa úr opinbera og einkageiranum sem leggur grunn að breiðum stuðningi við það markmið að þróa heildræna vaxtarstefnu fyrir Ísland

- Vinnuhópur sérfræðinga þróar yfirlit tillagna um leiðir til að örva hagvöxt til lengri tíma fyrir Samráðsvettvanginn. Vinnuhópurinn er sjálfstæður en fær reglulega efnislegt innlegg frá Samráðsvettvangnum

- Lykilstofnanir sem vinnuhóparnir geta leitað til fyrir efnislega aðstoð og gögn



Samráðsvettvangurinn hefur mjög sterkt táknrænt umboð

	Stjórnmalaflokkar	<ul style="list-style-type: none">▪ Fulltrúar allra stjórnmalaflokka á Alþingi. Starfa þar í umboði 195.000 kjósenda síðustu Alþingiskosninga
	Fulltrúar vinnumarkaðar	<ul style="list-style-type: none">▪ Fulltrúar helstu regnhlífarsamtaka vinnumarkaðarins. Meðlimir viðkomandi samtaka telja yfir 130.000 launþega og 2500 fyrirtæki
	Háskólasamfélagið	<ul style="list-style-type: none">▪ Fulltrúar frá tveimur stærstu háskólum landsins með nálægt 18.000 nemendum í heildina
	Atvinnulífið	<ul style="list-style-type: none">▪ Forstjórar breiðrar flóru íslenskra fyrirtækja sem starfa í bæði hefðbundnum og óhefðbundnum greinum
	Stjórnsýsla	<ul style="list-style-type: none">▪ Fulltrúar allra ráðuneyta og sveitarfélaga í gegnum ráðuneytisstjóra og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í Samráðsvettvangnum hugsum við til lengri tíma

- einstakt tækifæri til að skapa yfirsýn með aðkomu sérfræðinga úr ýmsum áttum

Kíkjum út ...



... og horfum á heildina



Nýtum fyrirleggjandi efni

- margar skýrslur til en heildrænt yfirlit um tillögur skortir

Flókið og stundum óaðgengilegt efni ...



... tekið saman í aðgengilega heildarmynd

Samráðsvettvangur um leið Íslands til aukinnar hagsældar


- Yfirlit yfir aðgerðir auk mats á áhrifum og tengingum innbyrðis
- Aðgerðaplan með næstu skrefum

SAMRÁÐSVETTVANUR UM AUKNA HAGSÆLD
Iceland Growth Forum

Hvar liggja sameiginlegar áherslur?


- þrátt fyrir ólíkar áherslur eigum við ýmis markmið sameiginleg

Ósamkomulag er ekki gefinn hlutur ...



- Umræður með áherslu á mikilvæg afmörkuð málefni

... og sameiginlegir fletir til staðar!



- Beinum sjónum að sameiginlegum áherslum
- Umræður byggðar á gögnum um langtímaáætlanir

Verður þetta hin eina sanna langtímastefna?



- Auðvitað ekki!
- En uppbyggilegar samræður um grunnmyndina og hvar sameiginlegar áherslur liggja er mikilvægur þáttur í mótun skýrari hagvaxtarstefnu til framtíðar litið
- Með þátttöku og stuðningi við verkefnið sköpum við skilyrði fyrir grunnmarkmiðum þess:
 - Skapa aukinn skilning og gagnsæi
 - Leggja grundvöll samtals og uppbyggilegra skoðanaskipta
 - Víkka sjóndeildarhringinn í umræðu um efnahagsmál

Með hvaða hætti mótum við starf verkefnisins?



Hvernig verður þátttöku okkar í efnislegri vinnu háttáð?

- Samráðsvettvangur veitir Verkefnastjórn **efnislega leiðsögn** á fundum sínum
- Meðlimir Vettvangsins geta **rætt sjónarmið sín** við formann, varaformann, formann verkefnisstjórnar og formenn vinnuhópa á milli funda
- **Smærri fundir** verða á dagskrá á milli stærri funda þar sem efnisvinna verður rædd
- Með þátttöku í **almennri umræðu** um efnislega þætti verkefnisins



Hvernig getum við stutt við verkefnið og lagt grunn að árangursríkri niðurstöðu?

- Með því að við leggjum áherslu á uppbyggilegar samræður og virðum sjónarmið hvers annars
- Þrátt fyrir að meðlimir þurfi ekki að vera sammála um allt það efni sem kemur frá vinnuhópunum eða styðja allar þær tillögur sem lagðar eru fram er mikilvægt að styðja sjálft ferlið
- Með því að miðla eigin reynslu og þekkingu með sem ríkustum hætti á öllum stigum verkefnisins
- Með því að veita Verkefnastjórn aðstoð og leiðsögn þegar þörf er á

- Markmið Samráðsvettvangsins

- **Efnahagslegar áskoranir og tækifæri**

- Kynning á fyrirkomulagi

Stutt yfirlit um almennar hagvaxtarkenningar

Vinnuafli

- Heildarframboð vinnuafis í hagkerfinu
- Áhrifaþættir eru aldurssamsetning, atvinnuþátttaka, fjöldi vinnustunda o.fl.



X

Fjármagn


- Heildarframboð fjármagns í hagkerfinu
- Áhrifaþættir eru sparnaðarstig, afskriftir fjármuna, bein erlend fjárfesting, o.fl.



X

Framleiðni


- Virðisauki af framleiðslu
- Áhrifaþættir eru tæknistig, almennir innviðir, menntunarstig o.fl.



Efnahagslegt umhverfi


- Stöðug og trúverðug stefna í peninga- og ríkisfjármálum leggur grunn að því umhverfi sem þar til að skapa sjálfbæran hagvöxt til lengri tíma.

Hvernig stendur Ísland samanborið við nágrannalönd?



1 Norðurlöndin og Bretland

Hvaða þýðingu hefði það ef Ísland myndi brúa framleiðni- og fjármagnsbil sitt gagnvart nágrannalöndum?




Með nokkurri einföldun má draga árleg heildaráhrif þessa með eftirfarandi hætti¹:

- Auknar ráðstöfunartekjur heimila sem nemur 3-4 milljónum á ári fyrir hvert heimili
- Aukin samneysla uppá 170 milljarða
 - 5-6 sinnum árlegur rekstrarkostnaðar Landspítalans
- Aukin fjárfesting uppá 90 milljarða















¹ Gert er ráð fyrir sömu samsetningu á landsframleiðslu (einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingu), Gengi evru gagnvart krónu metið EUR/ISK=170. Gert er ráð fyrir 2.7 einstaklingum að meðaltali á hverju heimili.

Ísland stendur á krossgötum í efnahagsmálum þar sem næstu skref ráða miklu um þróun lífskjara

Dæmi um mögulegar sviðsmyndir í þróun efnahagsmála



Lífsgæði í alþjóðlegum samanburði ráðast að miklu leyti af því hvaða sviðsmynd endurspeglar framtíðarþróun hagvaxtar

VLF staða 2010 ¹	VLF staða 2030 ¹		VLF á mann ² þús. evra	Skuldir ríkissjóðs ³ %VLF	Vaxtagjöld ríkissjóðs ³ %VLF	Útgjöld til heilbrigðismála ma. króna
Svíþjóð  Belgía  Ísland  Danmörk  Þýskaland 	Noregur  Ísland  BNA 	Sviðsmynd 3 Aukin hagsæld (2030)	72,900	4	0.3	222
	Belgía  Ísland  Danmörk 	Sviðsmynd 2 Sama farið (2030)	54,300	31	2.0	165
	Slóvenía  Ísland  Grikkland 	Sviðsmynd 1 Stöðnun (2030)	40,400	69	4.4	122
		2010 til samanburðar	36,500	86	5.5	111


1 Notast er við kaupmáttarleiðréttar tölur frá IMF. Í framtíðarsviðsmyndum er gert ráð fyrir 2% vexti hjá öllum öðrum þjóðum og aðeins sýndar þær OECD þjóðir sem standa Íslandi næst.

2 Kaupmáttarleiðréttar tölur og raunþróun VLF

3 Til einföldunar er gert ráð fyrir jöfnuði í ríkisfjármálum fyrir vaxtakostnað, óbreyttum mannfjölda, óbreyttri samsetningu ríkisútgjalda og óbreyttu vaxtastigi yfir tímabilið


Samsetning hagkerfisins undirstrikar ólík hlutverk mismunandi geira efnahagslífsins

% af heild, 2010



1 Milljarðar íslenskra króna að undanskildum vinnumarkaði þar sem um ræðir fjölda starfsmanna


Við núverandi aðstæður er ein stærsta áskorunin trúverðugleikavandi sem festir okkur í erfiðum vítahring



Það er lykilatriði að skapa heildstæða hagvaxtarstefnu og trú á þjóðhagslegri sjálfbærni til að losna úr þessum vítahring



Slíkt mun ekki takast án þess að ýta undir vöxt og viðgang þeirra greina sem standa undir útflutningi




Hvaða greinar gætu staðið undir slíkum vexti?

	Magn	Virði
Orkutengdur iðnaður	Miðlungs svigrúm	Mikið svigrúm
Sjávarútvegur	Takmarkað svigrúm	Miðlungs svigrúm
Ferðapjónusta	Takmarkað svigrúm	Mikið svigrúm
Þekkingar-iðnaður	Mikið svigrúm	Mikið svigrúm
Olía	?	?

- Með hliðsjón af takmörkuðu magni náttúruauðlinda verður mikilvægt að **auka hlutfall útflutnings er byggir á þekkingu og nýsköpun** samhliða áherslu á **virðisaukningu í auðlindagreinum**




Á sama tíma er nauðsynlegt að bæta framleiðni í ýmsum öðrum greinum atvinnulífsins

Hlutfallsleg framleiðni vinnuafls atvinnugreina samanborið við nágrannaríki
prósent, 2009



Hlutfall af heildarvirðisauka
Prósent, 2009; ISK 1,325 milljarðar


Samhliða almenntri framleiðniaukningu er mikilvægt að miðla framleiðslupáttum þangað sem þeir nýtast best

-  Breyting á virðisauka vegna tilfærslu framleiðslupátta
-  Breyting á virðisauka vegna framleiðniaukningar
-  Núverandi staða

D Auka aðgengi að framleiðslupáttum í þeim greinum sem eiga mikil vaxtartækifæri

A Greiða fyrir tilfærslu framleiðslupátta frá geirum með lítil vaxtartækifæri yfir í geira með mikil vaxtartækifæri


B Stuðla að aukinni framleiðni í opinberri og innlendra þjónustu með það markmið að skapa sömu verðmæti með minni notkun framleiðslupátta



1 Framleiðni vinnuafli er skilgreind sem virðisauki per einingu framleiðslupátta


- Markmið Samráðsvettvangsins
- Efnahagslegar áskoranir og tækifæri
- **Kynning á fyrirkomulagi**

Verkefnisstjórnin leggur fram lista af tillögum um leiðir að auknum hagvexti sem ná til allra geira hagkerfisins



Tillögum verður forgangsraðað út frá áætluðu framlagi þeirra til hagvaxtar og mati á framkvæmanleika þeirra

Áhrif vs. framkvæmanleiki



Mæling á áhrifum

- Megináhersla verður lögð á framlag til aukinnar landsframleiðsu á mann
- Innbyrðis tengsl tillagna verða metin til að komast hjá tvítalningu og til að taka ytri áhrifaþætti með
- Líkan fyrir þetta verður próað af þjóðhagsteymi

Mat á framkvæmanleika

Dæmi

Pólitísk samstaða




Nauðsynlegt fjármagn



Flækjustig við framkvæmd



Mat á framkvæmanleika




Hvernig tryggjum við breið sjónarmið innan Verkefnisstjórnar?

Með breiðri flóru meðlima innan vinnuhópanna


Opinberi og einkageirinn

Prósent



Kynjahlutfall

Prósent




Bakgrunnur meðlima

- Háskólar
- Ráðgjöf
- Ráðuneytin
- Seðlabankinn
- Bankastarfsemi
- Framleiðsla
- Nýsköpun
- Rannsóknarstörf
- Kauphöllin
- Orkumál
- Upplýsinga-tækni

Nýtum þá þekkingu sem er til staðar

Fyrirliggjandi greiningar og efnisvinna



- Þegar liggur fyrir mikið magn greininga og efnisvinnu, bæði fyrir hagkerfið í heild sem og fyrir ólíkar atvinnugreinar
- Þetta efni verður nýtt með sem ríkustum hætti í vinnu Verkefnisstjórnar

Ráðgjöf frá sérfræðingum



- Hver og einn vinnuhópur mun leita til sérfræðinga á viðkomandi sviði í efnislegri vinnu sinni
- Verkefnishópurinn nýtur aðgengis að erlendum sérfræðingum á ólíkum sviðum í gegnum ráðgjafar-fyrirtækið McKinsey & Company

1. Þjóðhagsteymi – Viðfangsefni og helstu áskoranir

Viðfangsefni

- Leggur til heildarmarkmið
- Metur og mælir áhrif tillagna
- Móta tillögur um þjóðhagsleg mál sem leiða til þess umhverfis sem þörf er á til að hagvaxtar-tillögur annarra vinnuhópa geti orðið að veruleika

Helstu áskoranir

- Lítið og sveiflukennt hagkerfi
- Skortur á trúverðugleika í peningamálum
- Óvissa um sjálfbærni
- Skuldsettur ríkissjóður og sveiflukennd fjármálastefna

Þjóðhagslegt umhverfi


Rammi um ríkisfjármál

Rammi um peningamál

Kerfislæg áhættustýring

Vinnumarkaður

2. Innlendi þjónustugeirinn – Viðfangsefni og helstu áskoranir



3. Auðlindageirinn – Viðfangsefni og helstu áskoranir

Viðfangsefni

- Leggja fram hagvaxtartillögur fyrir auðlindageirann
- Yfir 80% af útflutningi kemur frá geiranum
- Inniheldur bæði afar arðbærar og óarðbærar atvinnugreinar útfrá framleiðni vinnuafls

Helstu áskoranir

- Aðgengi að náttúruauðlindum takmarkar vaxtarmöguleika ákveðinna greina
- Ýmis umdeild mál sem taka þarf tillit til
 - Regluverk og umgjörð
 - Auðlindarenta
 - Ríkisstuðningur

Auðlinda- geirinn


Ferðapjónusta

Orka

Sjávarútvegur

Landbúnaður

4. Alþjóðageirinn – Viðfangsefni og helstu áskoranir



5. Opinber þjónusta – Viðfangsefni og helstu áskoranir

Viðfangsefni

- Leggja fram tillögur sem eru til þess fallnar að auka framleiðni opinberrar þjónustu
- Samneysla nemur um fjórðungi af landsframleiðslu
- Mikilvægt er að reka hið opinbera með eins skilvirkum hætti og hægt er

Helstu áskoranir

- Eftirspurn eftir ýmis konar opinberri þjónustu eykst umtalsvert með breyttri aldurssamsetningu
- Skuldastaða ríkissjóðs setur útgjaldaaukningu skorður
- Tryggja að framleiðni vaxi í takt við aðra geira

Opinber þjónusta

Bætt innkaup

Skynsamur rekstur

Skilvirkt skipulag